

Erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar

Nefndin fjalli um skipulagsmál, umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu.

Nefndin fjalli um skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, umhverfis- og hreinlætismál í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og skv. samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra nr. 463 frá 26. júní 2002.

Hlutverk nefndarinnar er:

I

Að móta umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir nefndina heyra. Einnig að stuðla ávallt að frjórri umræðu og hafa frumkvæði að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

II

Að fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

III

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar er starfsmaður nefndarinnar með tillögurétt og málsfrelsi á fundum hennar. Hann hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu ákveðinna mála skv. 46. gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar en er heimilt að skjóta einstökum málum til ákvörðunar nefndarinnar telji hann umfang þeirra eða eðli gefa tilefni til slíks.

Skipulags- og byggingarfulltrúi skal leggja fram til kynningar í nefndinni yfirlit yfir embættisafgreiðslur sínar eins oft og þurfa þykir, a.m.k. einu sinni á ári.

IV

Að fylgja eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi sorphirðu og fráveitumál og hvetja á markvissan hátt til góðrar umgengni og feegrunar innan vébanda þess.

V

Að gera fyrir lok októbermánaðar tillögur til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs ef tilefni er til, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna eða fyrirhugaðra fjárfestinga á því sviði sem undir nefndina heyra.

VI

Að vinna að umhverfisvernd og umhverfistengdum verkefnum og veita sveitarstjórn umsagnir um verklegar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi og/eða náttúrufer.

VII

Að vera tengiliður sveitarfélagsins við fagstofnanir og fagnefndir um stefnumótun á vettvangi umhverfismála og skal nefndin ávallt leitast við að fylgjast með umræðu um þau málefni sem snerta starfssvið hennar.

VIII

Að starfa og hafa frumhvæði að margvíslegum málefnum sem snerta starfssvið nefndarinnar með hliðsjón af lögum og reglum sem við eiga hverju sinni.

13. nóvember 2014